

BORGARRÁÐ

Ár 2018, fimmtudaginn 26. apríl, var haldinn 5499. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 9:05. Viðstödd voru: Sigurður Björn Blöndal, Halldór Auðar Svansson, Líf Magneudóttir, Elsa Hrafnhildur Yeoman, Kristín Soffía Jónsdóttir, Kjartan Magnússon, Halldór Halldórsson og áheyrnarfulltrúinn Gréta Björg Egilsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Birgir Björn Sigurjónsson, Óli Jón Hertervig, Ólöf Örvarsdóttir, Hallur Símonarson, Linda Sif Sigurðardóttir og Dagný Magnea Harðardóttir. Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð ferlinefndar fatlaðs fólks frá 18. apríl 2018. R18010033
2. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar frá 13. apríl 2018. R18010005
3. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Árbæjar frá 10. apríl 2018. R18010006
4. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals frá 9. apríl 2018. R18010008
5. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Háaleitis og Bústaða frá 16. apríl 2018. R18010010
6. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Hlíða frá 5. apríl 2018. R18010011
7. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Miðborgar frá 5. apríl 2018. R18010014
8. Lagðar fram fundargerðir innkauparáðs frá 13. og 20. apríl 2018. R18010016
9. Lögð fram fundargerð ofbeldisvarnarnefndar frá 16. apríl 2018. R18010037
10. Lögð fram fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 13. apríl 2018. R18010028
11. Lagðar fram fundargerði umhverfis- og skipulagsráðs frá 18. og 25. apríl 2018. R18010022
B-hlutar fundargerðanna samþykktir.
12. Lagðar fram fundargerðir öldungaráðs frá 10. og 18. apríl 2018. R18010036
13. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, um embættisafgreiðslur erinda sem borist hafa borgarráði, alls 17 mál. R18030219
14. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir umsagnir um rekstrarleyfisumsóknir veitinga- og gististaða sem veittar hafa verið skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 715/2013. R18030220
15. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 12. apríl 2018, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 11. apríl 2018 vegna breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 varðandi landnotkun og fjölgun íbúða við Hraunbæ-Bæjarháls, ásamt fylgiskjölum. R11060102
Samþykkt.
16. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 12. apríl 2018, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 11. apríl 2018, varðandi tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Hraunbæ-Bæjarháls við Tunguháls, ásamt fylgiskjölum. Einnig eru lagðir fram nýir deiliskipulagsupprættir, mótt. 25. apríl 2018. R17100473
Samþykkt.

17. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 20. apríl 2018, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 18. apríl 2018 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Bryggjuhverfi vestur, svæði 4, ásamt fylgiskjölum. R17120148
Samþykkt.
- Kl. 9:15 taka Helga Björg Ragnarsdóttir og Ebba Schram sæti á fundinum.
18. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 12. apríl 2018, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 11. apríl 2018 á auglýsingu á tillögu um breytingu á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík, ásamt fylgiskjölum. R15050142
Samþykkt.
19. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 12. apríl 2018, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 11. apríl 2018 á auglýsingu á tillögu að breytingu á skilmálum reits 1.1.74.3, Grettisgata frá Barónsstíg að Snorrabraut ásamt fylgiskjölum. R18040133
Samþykkt.
20. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 20. apríl 2018, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 18. apríl 2018 á auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Fálkagöturéits vegna lóðarinnar nr. 10 við Fálkagötu, ásamt fylgiskjölum. 18040174
Samþykkt.
21. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 20. apríl 2018, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 18. apríl 2018 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Sólvallagöturéits vegna lóðar nr. 38 við Framnesveg, ásamt fylgiskjölum. R18040173
Samþykkt.
22. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 12. apríl 2018, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 11. apríl 2018 á bréfi umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 21. mars 2018, varðandi umferðaröryggismál í Reykjavík 2018, ásamt fylgiskjölum. R16050092
Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.
23. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 20. apríl 2018, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs á tillögu að úthlutun styrkja úr Húsvendarsjóði 2018, ásamt fylgiskjölum. Tillögurnar eru bundnar trúnaði þar til tilkynnt verður um afhendingu styrkjanna. R18010088
Samþykkt.
- Kl. 9:30 vikur Ólöf Örvarsdóttir af fundinum.
24. Lagt fram yfirlit yfir styrkumsóknir sem borist hafa borgarráði utan umsóknartíma, dags. í dag. R18010041
Samþykkt að veita Breiðholt festival styrk að fjárhæð kr. 500.000 vegna Breiðholts festival 2018.
Samþykkt að veita Landssambandi hestamannafélaga styrk að fjárhæð kr. 500.000 vegna Hestadaga 2018.
Samþykkt að veita FC Sækó styrk að fjárhæð kr. 500.000 vegna ferðar félagsins til Bergen.
Samþykkt að veita Forlaginu styrk að fjárhæð kr. 200.000 vegna útgáfu 111, ljósmyndabók.
Samþykkt að veita Sigurbóri Hallbjörnssyni styrk að fjárhæð kr. 500.000 vegna listasýningarinnar 111 Reykjavík.
Samþykkt að veita Með oddi og egg styrk að fjárhæð kr. 400.000 vegna hverfablaðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða og kr. 400.000 vegna hverfablaðs Miðborgar og Hlíða.

25. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 20. apríl 2018, þar sem óskað er eftir að borgarráð veiti Byggingafélagi námsmanna vilyrði fyrir byggingarrétti fyrir allt að 50 íbúðir á Háteigsvegi 35-39, Stýrimannaskólareit. R18040166
Samþykkt.
26. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 20. apríl 2018, þar sem óskað er eftir að borgarráð veiti Félagi eldri borgara vilyrði fyrir byggingarrétti fyrir allt að 50 íbúðir á Háteigsvegi 35-39, Stýrimannaskólareit. R18040165
Samþykkt.
27. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 20. apríl 2018, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykkti úthlutun lóðar og sölu byggingarréttar að Vesturgötu 67 til Félagsbústaða. R18040167
Samþykkt.
28. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 20. apríl 2018, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki breytingu á fyrri samþykkt ráðsins frá 11. janúar sl. vegna áhvílandi láns á fasteigninni að Brekknaási 9, ásamt fylgiskjölum. R18010148
Samþykkt.
29. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 22. apríl 2018, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykkti meðfylgjandi samkomulag um Hraunbæ 115, ásamt fylgiskjölum. R18040151
Samþykkt.
30. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 22. apríl 2018, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykkti meðfylgjandi leigusamning um verslunarhúsnæði að Langholtsvegi 70, ásamt fylgiskjölum. R17090079
Samþykkt.
31. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 22. apríl 2018, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi viðauka við leigusamning vegna Laugavegar 77 um viðbótarhúsnæði fyrir velferðarsvið, ásamt fylgiskjölum. R18040153
Samþykkt.
32. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 23. apríl 2018, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á aðalvelli Knattspyrnufélagsins Víkings við Traðarland 1, ásamt fylgiskjölum. R18040069
Samþykkt.
33. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 22. apríl 2018, ásamt fylgiskjölum, þar sem óskað er eftir heimild til að bjóða út framkvæmdir við endurnýjun eldri búnings- og baðaðstöðu kvenna í Sundhöll Reykjavíkur. Frumkostnaðaráætlun vegna framkvæmdarinnar nemur 100-120 m.kr. R18040169
Samþykkt.
34. Lögð fram að nýju tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úthlutun lóðar í Suður-Mjódd til félags eldri borgara, sbr. 19. lið fundargerð borgarráðs frá 7. september 2018. Jafnframt eru lagðar fram umsagnir skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 14. ágúst 2018, og umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 5. febrúar 2018. R17060227
Tillagan er felld með 5 atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata gegn tveimur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Við hörmum að meirihluti Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna skuli fella tillögu Sjálfstæðisflokksins um að úthluta Félagi eldri borgara í Reykjavík viðbótarlód í Syðri-Mjódd. Mikil spurn er eftir íbúðum félagsins og ljóst að það þarf á fleiri lóðum að halda til að geta annað henni, ekki síst í eystri hverfum borgarinnar. Margvíslegt hagræði væri af því að úthluta félaginu slíkri viðbótarlód sem næst öðrum lóðum er félagið hefur nú þegar fengið til uppbyggingar í Mjóddinni, t.d. vegna nálægðar við þjónustumiðstöð velferðarsviðs að Arskógum 4, sem veitir eldri borgurum mikilvæga þjónustu.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Lóðin í Suður-Mjódd sem lagt er til að úthlutað sé til Félags eldri borgara er atvinnulód með erfiðri hljóðvist og því ekki að öllu leyti heppileg. Þess í stað hefur verið ákveðið að veita Félagi eldri borgara í Reykjavík lóðavilyrði á svokölluðum Stýrimannaskólareit, líkt og borgarráð samþykkti á fundi sínum í dag. Þetta telur meirihlutinn betri ráðstöfun og farsæla í því góða samstarfi sem Reykjavíkurborg og Félag eldri borgara hafa átt um uppbyggingu hagkvæms íbúðarhúsnæði fyrir eldra fólk, án hagnaðarsjónarmiða.

35. Lagt fram svar kjaradeildar og mannauðsskrifstofu, dags. 4. apríl 2018, við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um jafnlaunavottun, sbr. 32. lið fundargerðar borgarráðs frá 6. október 2016. R16100035
36. Lagt fram bréf stýrihóps um að móta eigendastefnu fyrir Félagsbústaði, dags. 6. apríl 2018, ásamt tillögu að eigendastefnu fyrir Félagsbústaði. R17110172
Samþykkt.
Vísað til borgarstjórnar.
37. Lagt fram bréf stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, dags. 23. apríl 2018, ásamt drögum að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar, dags. s.d. R18010207
Vísað til borgarstjórnar.
38. Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 10. apríl 2018, ásamt greinargerð, færð úr trúnaðarbók borgarráðs 12. apríl sl. þar sem hún var samþykkt:

Lagt er til að borgarráð samþykki að stofnað verði til Barnabókaverðlauna Guðrúnar Helgadóttur rithöfundar og borgarlistamanns Reykjavíkur 2017.
R18040056
39. Lagt fram bréf Faxaflóahafna, dags. 13. apríl 2018, varðandi samþykkt hafnarstjórnar um að óska heimildar Reykjavíkurborgar fyrir landfyllingu við Klettagarða, ásamt fylgiskjölum. R17120017
Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs sem er falið að hefja undirbúning skipulagsbreytinga í samræmi við erindið m.a. í samráði við starfshóp borgarstjóra um nýjar ylstrendur við Gufunes og Skarfaklett.
40. Lagt fram bréf innri endurskoðunar, dags. 13. apríl 2018, ásamt skýrslu um niðurstöður úttektar vegna bilunar í skólpaðlustöð við Faxaskjól. R17070090

Sigrún Lilja Sigmaradóttir, Árný Sigurðardóttir og Sabine Leskopf taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarráð þakkar ábendingar innri endurskoðunar. Um almennar ábendingar er að ræða, sumar þeirra eru þegar í farvegi og úr öðrum er ekki á færi Heilbrigðiseftirlits

Reykjavíkur eins og sér að bæta úr s.s. gerð áhættumats en slíkt mun ávallt þurfa að vera samræmt á landsvísu. Borgarráð tekur heilshugar undir ábendingu um úrbætur á upplýsingakerfi og að bæta þurfi aðgengi Heilbrigðiseftirlitsins að þjónustu upplýsingadeildar Reykjavíkurborgar en sú vinna er þegar í farvegi hjá Reykjavíkurborg. Kjarni málsins hlýtur að vera að mikilvægt er að gagnsæi ríki um ástand veitukerfa hverju sinni og að verklag um upplýsingagjöf til almennings sé skýrt. Þrátt fyrir að í þessu tilviki hafi hvorki verið um mengunarslys eða almannahættu að ræða hefði mátt fyrirbyggja óvissu og óþægindi með tímabærri og skýrri upplýsingagjöf. Í því samhengi er rétt að halda því til haga að Reykjavíkurborg stendur sig almennt afar vel í skólphreinsun og þá sérstaklega í samanburði við önnur sveitarfélög. Skólphreinsun á sér vart stað utan höfuðborgarsvæðisins og til að mynda er skólp frá Álftanesi ekki hreinsað. Frávikið í Faxaskjóli vakti athygli ekki síst vegna þess að það var frávik.

- Kl. 10:40 tekur borgarstjóri sæti á fundinum.

41. Lagt fram bréf velferðarsviðs, dags. 23. apríl 2018, sbr. samþykkt velferðarráðs frá 18. apríl 2018 á tillögu um breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð, ásamt fylgiskjöllum. R14120120
Samþykkt.

Helga Jóna Benediktsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

42. Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 12. apríl 2018, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs á tillögu um breytingar á reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólalþjónustu, ásamt fylgiskjöllum. R18040070
Samþykkt.

Helgi Grímsson, Elísabet Helga Pálmadóttir og Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

43. Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 13. apríl 2018, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 11. apríl 2018 á tillögu um stefnu um notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi, ásamt fylgiskjöllum. R18040130

Helgi Grímsson, Elísabet Helga Pálmadóttir og Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

44. Lagður fram að nýju samantekinn ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2017 (a- og b-hluti), ódags., sbr. 21. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. apríl sl., ásamt skýrslu fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar og greinargerðum fagsviða, aðalsjóðs, eignasjóðs og fyrirtækja b-hluta. Einnig er lögð fram skýrsla fjármálaskrifstofu, samantekt yfir breytingar á fjárhagsáætlun 2017, verkstöðuskýrsla vegna nýframkvæmda 2017 og ábyrgða- og skuldbindingayfirlit fyrir Reykjavíkurborg skv. reglugerð 1212/2015. Einnig eru lagðar fram endurskoðunarskýrsla KPMG, dags. 1. apríl 2018, og skýrsla endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar, dags. 1. apríl 2018. R17010090

Ársreikningur borgarsjóðs (a-hluta) og samstæðureikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2017 hefur verið undirbúinn af fjármálaskrifstofu í samræmi við ákvæði 61. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Lagt er til að ársreikningi verði vísað til fyrri umræðu í borgarstjórn.
Samþykkt.

Gísli Hlíðberg Guðmundsson, Sigurrós Ásta Sigurðardóttir, Auðunn Guðjónsson, og Ólafur B. Kristinsson taka sæti á fundinum undir þessum lið. Einnig taka sæti á fundinum undir þessum lið borgarfulltrúarnir Skúli Helgason, Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir og Hjálmar Sveinsson.

- Kl. 12.10 vikur Elsa Hrafnhildur Yeoman af fundinum og Skúli Helgason tekur sæti.
- 45. Lagt fram ábyrgða- og skuldbindingayfirlit fyrir Reykjavíkurborg skv. reglugerð 1212/2015, dags. 12. apríl 2018. R18040207
Vísað til borgarstjórnar.
- 46. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er eftir upplýsingum um kostnað við gerð myndbanda sem borgarstjóri hefur látið gera á kostnað Reykjavíkurborgar í aðdraganda komandi borgarstjórnarkosninga, t.d. myndbands um borgarlínu og Miklubraut í stokk. R18040211
- 47. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er eftir upplýsingum um allan kostnað, sem fellur á Reykjavíkurborg, vegna fundaherferðar borgarstjóra í aðdraganda komandi borgarstjórnarkosninga, t.d. við auglýsingar, húsaleigu og myndatök. Óskað er eftir því að tilgreindur verði tilfallandi kostnaður vegna vinnu borgarstarfsmanna við fundina, t.d. vegna undirbúnings sem og fundarsetu. R18040211
- 48. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að í ljósi starfsemi þeirrar, sem Hjálpræðisherinn stendur fyrir og hefur staðið fyrir í Reykjavík í meira en 120 ár, verði samtökin undanþegin öllum gjöldum af hálfu Reykjavíkurborgar vegna úthlutunar lóðar við Suðurlandsbraut 74. Tillagan felur í sér að Hjálpræðisherinn njóti sömu kjara við lóðarúthlutun og annað trúfélag, sem úthlutað hefur verið lóð við Suðurlandsbraut 76. R18010234

Tillöggunni er vísað frá borgarráði í ljósi þess að samhljóða tillaga hefur áður verið afgreidd á vettvangi borgarráðs.
- 49. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að borgarráð leiti eftir álit Persónuverndar vegna fyrirhugaðra aðgerða Reykjavíkurborgar í því skyni að auka þátttöku ákveðinna hópa í komandi borgarstjórnarkosningum. R17110191

Frestað.
- 50. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að hljóðmön við Kleppsveg, milli Skipasunds og Sæviðarsunds, verði lengd og hún sett í jafna hæð og hún byrjar í við Langholtsveg, þannig að hún verji íbúðarhús við Sæviðarsund 2-6. R18040212

Frestað.
- Kl. 12:40 vikur Kjartan Magnússon af fundinum.
- 51. Fram fer kynning á niðurstöðum greiningar á kynbundnum launamun hjá Reykjavíkurborg 2017. R17050105

Helga Björg Ragnarsdóttir, Margrét Valdimarsdóttir, Ragnhildur Ísaksdóttir og Anna Kristinsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.
- Kl. 12:50 tekur Elsa Hrafnhildur Yeoman sæti á fundinum og Skúli Helgason vikur.

- Kl. 12:53 vikur borgarstjóri af fundinum.

Fundi slitið kl. 13:15

Sigurður Björn Blöndal

Líf Magneudóttir
Elsa Hrafnhildur Yeoman
Halldór Halldórsson

Halldór Auðar Svansson
Kristín Soffía Jónsdóttir